

S K Ý R S L A

framkvæmdastjóra STEFs

Lögð fyrir aðalfund STEFs 11. maí 2012

Liðið starfsár hófst samkvæmt venju með aðalfundi STEFs sem haldinn var 7. maí 2011. Hér á eftir verður greint frá helstu viðburðum í starfsemi samtakanna á árinu.

1. Stjórn STEFs og stjórnarfundir.

Í stjórn STEFs á liðnu starfsári áttu sæti: Kjartan Ólafsson, formaður, Jakob Frímann Magnússon, varaformaður, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Áskell Másson, Óttarr Ó. Proppé, Sigurður Flosason og Þorkell Sigurbjörnsson.

Á starfsárinu voru haldnir alls sjö stjórnarfundir. Í samræmi við samþykktir STEFs og fyrri venju sátu fundina, auk fyrrgreindra stjórnarmanna, Eiríkur Tómasson fyrrverandi framkvæmdastjóri þar til hann lét af störfum, undirrituð Guðrún Björk Bjarnadóttir fyrst sem markaðs- og innheimtustjóri og síðan frá 1. júlí 2011 sem framkvæmdastjóri og Jenný Davíðsdóttir skrifstofustjóri.

2. Almenn starfsemi.

Þann 1. september 2011 lét framkvæmdastjóri STEFs, Eiríkur Tómasson, af störfum eftir farsælan 24 ára starfsferil hjá STEFi og í hans stað var ráðin Guðrún Björk Bjarnadóttir sem fram að frá september 2010 gegndi starfi markaðs- og innheimtustjóra samtakanna. Hafa þessi framkvæmdastjóraskipti vitaskuld sett mikið mark á störf samtakanna á sl. ári. Rétt er að nota þetta tækifæri og þakka Eiríki fyrir hans ósérhlífnu og ómetanlegu störf í þágu samtakanna í öll þessi ár.

Starfsmenn á skrifstofu STEFs voru á starfsárinu, þau Jenný Davíðsdóttir, Bjarney Gísladóttir, Guðný Rósa Gísladóttir, Guðrún Ásdís Lárusdóttir, Magnús Guðmundsson og Sigríður Guðjónsdóttir. Sú breyting varð á starfsmannamálum á haustmánuðum að Bjarney Gísladóttir hætti í föstu starfi fyrir samtökin en hefur síðan þá unnið að nokkrum sérverkefnum fyrir samtökin, aðallega tengd eftirlitsstörfum fyrir innheimtu hjá verslunum. Í hennar stað var ráðin Brynja Guðmundsdóttir.

Að framkvæmdastjóra meðtöldum eru fastráðnir starfsmenn STEFs nú 7 talsins, þar af er einn starfsmaður í hlutastarfi.

Skráning verka

STEF tók upp í samvinnu við NCB, CISAC, KODA og STIM nýjan kóða við skrásetningu verka: International Standard Musical Work Code (ISWC). Þessi kóði er hluti af ISO staðli sem ætlaður er að og auðvelda höfundaréttarsamtökum o.fl. að bera kennsl á tónlistarverk. STEF fær aðgang að þessum kóða í gegnum Nord-ic skrifstofu ISWC sem STIM heldur utanum og Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin eiga aðild að. Nú þegar er hluti af eldri verkum réttihafa kominn með ISWC kóðann og ný verk fá slíkan kóða þegar þau eru skráð í gagnagrunni Nord-Doc.

Í febrúar 2011 var þeim merka áfanga náð í starfsemi STEFs að skráð var verk nr. 60.000 í verkaskrá samtakanna. Það verk sem fékk þennan heiður er lagið „Nothing can go wrong“ með hljómsveitinni Deep Jimi and the Zep Creams úr Keflavík. Af því tilefni komu meðlimir hljómsveitarinnar í móttöku til STEFs þar sem þeir tóku á móti viðurkenningu samtakanna. Vekur það athygli hvað skráðum verkum fjölgar mikið ár frá ári, þannig skráði STEF verk nr. 30.000 árið 2001 og verk nr. 50.000 var skráð árið 2008. Athyglisvert er að á tæpum tíu árum eða frá því í september 2001 hafa verið skráð 30.000 ný verk í verkaskrána eða jafn mörg og skráð voru á þeim liðlega 50 árum sem þá voru liðin frá stofnun samtakanna. Hefur þessi mikla fjölgun skráðra verka vitaskuld í för með sér mikið álag á skrifstofu samtakanna. Er það eitt af verkefnum framtíðarinnar að rafvæða enn frekar verkaskráninguna.

Störf umboðsmanns STEFs á landsbyggðinni

Hefur það sett nokkuð mark sitt á starfsemi innheimtu skrifstofunnar að nokkur vandkvæði voru á því að innleiða gagnagrunn Gunnars Stefánssonar umboðsmanns STEFs er varðar verslanir á höfuðborgarsvæðinu og sem skrifstofa STEFs tók við innheimtu á frá og með 1. september 2010. Kom í ljós að þetta ferli var mun viðameira og flóknara en gert var ráð fyrir í upphafi og hefur STEF þurft að fá töluverða aðstoð hjá Maritech sem þjónustar STEF hvað varðar sölukerfið Navision vegna þessa. Þá hefur mikið mætt á þeim starfsmönnum STEFs sem annast innheimtuna vegna vandkvæða við að gefa út reikninga. Er þeim þökkun þolinmæði og þrautseigja við að leysa úr þessum málum.

Um næstu áramót mun Gunnar Stefánsson hætta störfum sem umboðsmaður STEFs á landsbyggðinni og mun þá verða hafður sami háttur á og áður við að koma gagnagrunni hans inn í sölukerfi skrifstofu STEFs. Mun þessi fjárfesting á sl. ári í tölvukerfinu einnig nýtast við þá vinnu.

Ný gjaldskrá um sönghefti

Á stjórnarfundum í nóvember 2011 ákvað stjórn STEFs að samtökin gætu gefið leyfi fyrir útgáfu sönghefta eða annarrar sambærilegrar útgáfu þegar ljóst er að hið útgefna efni er ætlað til söngs eða flutnings. Leyfi STEFs nær bæði til texta- og lagahöfunda en þó eingöngu til útgáfu safnverka þar sem um er að ræða útgáfu þriggja eða fleiri bæði laga- og textahöfunda. Höfundar geta því gefið út eigið efni (eigi þeir útgefið efni 100%, bæði lag og texta) án heimildar

STEFs. STEF veitir einnig sambærileg leyfi fyrir útgáfu á Internetinu. Var samþykkt ný gjaldskrá vegna slíkra leyfa.

Útsetningar þjóðlaga

Í kjölfar útgáfu Mastersritgerðar í Þjóðfræði sem nefnd er „Deilurnar um Vísur Vatnsenda-Rósu“, með undirtitlinum „Höfundarréttur, þjóðlög og eignarhald á menningu“ varð nokkur umræða um mat STEFs á útsetningum þjóðlaga.

Taldi Stjórn STEFs rétt að reyna að loka málinu með því að setja sér formlegar reglur um mat á útsetningum þjóðlaga. Var samþykkt á stjórnarfundum í nóvember 2011 að skipa vinnunefnd fjögurra manna til að gera drög að slíkum reglum sem lagðar yrðu fyrir stjórn STEFs. Í nefndina voru skipaðir Áskell Másson, Sigurður Flosason, Þórir Baldursson og Árni Heimir Ingólfsson og mun nefndin skila af sér tillögum sínum á næsta starfsári.

Aðstoð við einstaka höfunda

Að venju aðstoðar skrifstofa STEFs á ári hverju töluverðan fjölda höfunda. Beiðnir um aðstoð vegna samninga um útgáfu hljómríta, samningar við forleggjara, samningar við kvikmyndaframleiðendur og jafnvel umboðsmenn voru allmargar sl. ár. Þá er einnig nokkuð algengt að einstakir höfundar hafi aðstoð vegna hugsanlegs brots á sæmdarrétti, s.s. vegna breytingar á textum án heimildar og notkun laga í auglýsingar án viðhlítandi samþykkis höfundar. Þá hefur skrifstofa STEFs einnig unnið að því að aðstoða höfunda við að afla leyfa vegna íslenskra texta við erlend lög.

Fyrirframgreiðslur samkvæmt útgáfusamningum

Á stjórnarfundum í apríl 2011 samþykkti stjórn STEFs að höfundaréttargreiðslur vegna opinbers flutnings tónlistar geti á sama hátt og höfundaréttargreiðslur vegna útgáfu á hljómplötum og öðrum hljóðritum sem úthlutað er frá NCB og öðrum systursamtökum STEFs erlendis, gengið upp í fyrirframgreiðslur tónlistarútgefenda.

Endurbætur á húsnæði

Þess má að lokum geta að á síðasta ári var nauðsynlegt að ráðast í umtalsverðar framkvæmdir umhverfis húseign húseign STEFs að Laufásvegi 40. Höfðu myndast nokkrar rakaskemmdir í kjallara hússins vegna mikils vatnsmagns sem rennur niður Þingholtin og að húseigninni. Þurfti að leggja nýtt dren frá húsinu meðfram tveimur útveggjum auk smávægilegra annarra viðgerða. Var verkið sérstaklega vandasamt þar sem að mjög mikið að lögnum var í jarðvegi fyrir framan húsið. Var reynt að láta framkvæmdir þessar sem minnst raska reglulegri starfsemi með því að láta þær fara fram á meðan skrifstofan var lokuð vegna sumarleyfa að því sem hægt var. Fyrirhugað er að í sumar verði rakaskemmdir innanhús lagfærðar.

3. Markaðsmál

Á starfsárinu var lögð aukin áhersla á að auka upplýsingagjöf um starfsemi samtakanna út á við. Framkvæmdastjóri hélt erindi um áhrif tónlistar á kauphegðun hjá SVP – Samtökum verslunar og þjónustu auk þess sem að þrír fyrirlestrar voru haldnir hjá Háskólanum í Reykjavík um sama efni.

Voru einnig haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur Kvikmyndaskóla Íslands svo og nemendur í höfundarétti í Háskólanum í Reykjavík. Þá komu í heimsókn til STEFs nemendur úr tónsmíðadeild og flytjendadeild Listaháskólans auk nemenda frá FÍH tónlistarskólanum.

Var öllum þátttakendum í Músíktílaunum ennfremur sent sérstakt kynningarblað um starfsemi STEFs og má sjá nú þegar árangur af því starfi í auknum skráningum verka.

Á árinu var einnig gert átak í upplýsingagjöf í gegnum heimasíðu STEFs og er búið að endurskoða að stórum hluta texta síðunnar auk þess sem að reynt hefur verið að einfalda uppsetningu hennar.

4. Samningar og samskipti við útvarpsstöðvar

Samningsgerð og önnur samskipti við útvarpsstöðvar, þ.e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, er jafnan þýðingarmikill þáttur í starfsemi STEFs, enda stafar stór hluti af höfundaréttargjöldum fyrir opinberan flutning tónverka hér innan lands frá þeim.

Þrátt fyrir samdrátt í íslensku efnahagslífi á síðustu árum, sem auðvitað hefur bitnað á útvarpsstöðvunum, eins og öðrum, hafa tekjur STEFs frá stærstu stöðvunum, Ríkisútvarpinu ohf. (RÚV) og 365 miðlum ehf. aukist lítillega frá síðasta ári samkvæmt ársreikningi samtakanna.

Þá hafa tekjur frá Skjánum aukist verulega á milli ára, er það bæði vegna vaxtar sjónvarpsrekstrar Skjásins en ekki síst vegna samnings um notkun tónlistar í gagnvirku sjónvarpi (VOD) sem Skjárinn rekur undir heitinu „Skjábíó“. Sambærilegur samningur sem skilar STEFi auknum tekjum var einnig gerður við Vodafone sem rekur gagnvirkt sjónvarp undir vörumerkinu „Leigan“.

Skemmst er frá því að segja að samskiptin við þessi þrjú stóru fjarskiptafyrirtæki hafa verið með besta móti á starfsárinu. Hafa þau þannig öll staðið skil á greiðslu höfundagjalda til STEFs á umsömdum gjalddögum.

Bæði 365 og RÚV samþykktu texta sem búið er að birta á heimasíðu samtakanna sem ætlað er að skýra betur hvað fellur undir samninga STEFs við þessi fyrirtæki eða hið svokallaða „blanket license“ sjónvarpsstöðva. Hefur STEF orðið vart við nokkra óánægju meðal höfunda þegar að tónlist þeirra er notuð án þeirra samþykkis í framleiðslu sjónvarpsþátta sem oft eru framleiddir af þriðja aðila og síðan seldir sjónvarpsstöðvunum. Þessi aukna upplýsingagjöf

mun vonandi leiða til aukins skilnings bæði meðal höfunda og framleiðenda sjónvarpsefnis um hvar mörkin liggja að þessu leyti.

5. Samningar og samskipti við aðra gjaldskylda aðila.

Samskipti STEFs við aðra gjaldskylda aðila en útvarpsstöðvar hafa að stærstum hluta verið í föstum skorðum á liðnu starfsári. Í samræmi við þær breyttu áherslur í markaðssetningu og innheimtu höfundaréttargjalda, sem gerð er grein fyrir hér að framan, hafa verið gerðir fjölmargir samningar um innheimtu gjaldanna og skil á þeim við aðila á borð við tónlistarhús, hótél og veitingastaði til að gera innheimtuna í senn hagkvæmari og skilvirkari. Er stefnt að því að fjölga slíkum samningum til muna á næstu árum.

Á árinu var þannig gengið frá samningi við Hof á Akureyri, Menningarhúsið Berg á Dalvík, Græna hattinn á Akureyri, Gauk á Stöng, NASA, Þjóðmenningarhús og tónlistarhúsið Hörpu.

Í tilviki Hörpu er samningurinn á þá leið að Harpa skuldbindur sig til að hleypa aðilum ekki upp á svið nema þeir hafi áður sýnt fram á að þeir hafi gert samning um höfundaréttargjöld við STEF. Verði misbrestur á þessu getur STEF óskað eftir því að fá greitt af miðasölu viðkomandi tónleika frá Hörpu.

Skrifstofa STEFs lét útbúa eyðublöð í tvíriti til að tilkynna um flutt verk á tónleikum svo og sérstaka standa til að geyma eyðublöð þessi í baksviðs á helstu tónleikastöðum landsins. Hingað til hafa eyðublöð þessi eingöngu verið á heimasíðu STEFs. Er það mat skrifstofur STEFs að eyðublöð þessi hafi vakið aukna athygli á starfsemi STEFs og skilað sér í betri skilum á fluttum verkum á tónleikum. Er það helsta ástæða þess að úthlutun í flokki tónleika jókst um helming 2011, samanborið við árið 2010.

Á starfsárinu skipti STEF um samstarfsaðila um milliinnheimtu og fór með viðskipti sín til Motus. Er það mat skrifstofu samtakanna að þessi ákvörðun hafi reynst heillavænleg og hafa samskipti við Motus verið árangursrík og þægileg á allan hátt. Hefur gegnsæi við innheimtuna aukist með betri vefviðmóti hjá Motus en var hjá fyrri milliinnheimtufyrirtæki.

6. Not tónlistar í kvikmyndum og leikhúsum.

Innan STEFs eru starfandi tvær nefndir sem hafa það hlutverk að vinna sérstaklega að hagsmunamálum kvikmyndatónskálda annars vegar og leikhústónskálda hins vegar.

Á grundvelli vinnu leikhúsatónskálda undirritaði STEF á starfsárinu tvo samninga um notkun áður útgefnar tónlistar í leikhúsum, þ.e.a.s. við Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið. Hefur auk þess verið farið fram á af STEFi að Leikfélag Akureyrar geri sambærilegan samning við STEF, en vegna ýmissa vandkvæðna í innra starfi LA, hefur sú vinna frestast. Er það von

STEFs að samningur þessi muni færa samtökunum auknar tekjur í framtíðinni. Nánar er greint frá tildrögum þessarar vinnu í árskýrslu fyrra starfsárs.

Þá var einnig gerður samningur við Íslenska dansflokkinn vegna áður útgefinnar tónlistar.

Eftir að gengið var frá ofangreindum samningum hófst vinna við gerð rammasamnings milli aðildarféлага STEFs, Tónskáldafélags Íslands og Félags tónskálda og textahöfunda, og atvinnuleikhúsanna um greiðslur vegna frumsamdrar tónlistar, í líkingu við þann samning sem lengi hefur verið í gildi milli Rithöfundasamband Íslands og leikhúsanna, vegna leikskálda. Slíkan samning mætti nota sem grundvöll, er unnt væri að styðjast við, þegar leikhúsin semja við einstök tónskáld og tónhöfunda um gerð tónlistar við leikverk og önnur sviðsverk sem þau hyggjast setja upp.

Nefnd kvikmyndatónskálda fundaði einnig á starfsárinu og hóf vinnu við gerð forms að samningi um leyfi til notkunar tónlistar í kvikmyndum. Var óskað eftir samvinnu við SÍK um gerð slíks forms, en formleg viðbrögð hafa ekki borist frá SÍK við því erindi. Er það því stefna kvikmyndatónskáldahópsins að birt verði á heimasíðu STEFs það form sem kvikmyndatónskáld mæla með að verði notað og sé ásætlanlegt fyrir tónskáldin.

7. Úttekt á starfsemi STEFs á vegum CISAC.

Eins og gerð var grein ítarleg fyrir í síðustu ársskýrslu, voru árið 2008 samþykktar starfsreglur af Alþjóðasambandi höfundaréttarsamtaka (CISAC) sem aðildarsamtökum sambandsins á sviði tónlistar er ætlað að fara eftir. Í þessum reglum er að finna ákvæði um stjórn og skipulag aðildarsamtakanna og hvernig þau eigi að standa að ákvörðunum um höfundaréttargjöld og innheimtu þeirra, skráningu réttahafta og verka og úthlutun höfundaréttargreiðslna til höfunda og annarra réttahafta. Við þessa hagsmunagæslu í þágu réttahafta ber aðildarsamtökunum að gæta jafnræðis og gegnsæis, auk þagmælsku og trúnaðar, þar sem það á við.

Auk starfsreglnanna var samþykkt að gerð skyldi úttekt á vegum CISAC á skipulagi og starfsemi allra aðildarsamtakanna, þar sem gengið yrði úr skugga um hvort þau færu í reynd eftir ákvæðum reglnanna. Markmiðið með slíkri úttekt er að til þess verði séð, af hálfu alþjóðasambandsins, að reglurnar séu hvarvetna virtar, en þeim er ætlað að vera svar við þeirri gagnrýni, sem oft heyrir, að starfsemi höfundaréttarsamtakanna sé ekki nógu gegnsæ og þau mismuni rétthöfum á ótilhlýðilegan hátt, svo að tvö dæmi séu nefnd. Fyrirhugað er að úttekt verði gerð hjá aðildarsamtökunum á tíu ára fresti, þannig að þau gangist öll undir sams konar úttekt á hverjum áratug.

Á aðalfundi CISAC 2009 var dregið um það hvaða samtök skyldu fyrst tekin út samkvæmt því sem að framan greinir. Voru tvö vestur-evrópsk samtök dregin út, þ.e. STEF og NCB. Í framhaldi af því voru alþjóðasambandinu send margvísleg skjöl, sem varða skipulag og starfsemi samtakanna, auk þess sem svara þurfti fjölda spurninga er lutu að sömu þáttum og kom fulltrúi CISAC

Mitko Chatalbashev, til Íslands og átti fundi með framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra STEFs, auk stjórnarmanna. Að heimsókninni lokinni skilaði hann ítarlegri skýrslu til framkvæmdastjórnar CISAC. Var niðurstaða skýrslunnar sú að skipulag og starfsemi STEFs uppfyllti í öllum meginatriðum þær kröfur sem gerðar eru til aðildarsamtaka sambandsins í fyrrgreindum starfsreglum. Nokkur atriði þyrfti þó að færa til betri og vegar og voru þau helstu þessi:

- 1) Birta yrði ársreikninga STEFs, bæði á íslensku og ensku, á heimasíðu samtakanna.
- 2) Birta yrði ársskýrslu samtakanna, t.d. útdrátt úr skýrslu eins og þessari, bæði á íslensku og ensku, á heimasíðunni.
- 3) Bæta þyrfti við enskri útgáfu af heimasíðunni, þar sem fram komi helstu upplýsingar um skipulag og starfsemi samtakanna.
- 4) Halda þyrfti kynningarfund, sem opinn væri öllum rétt höfum er aðild eiga að samtökunum, t.d. í kjölfar aðalfundar, þar sem starfsemi þeirra á nýliðnu starfsári yrði kynnt.
- 5) Endurskoða þyrfti úthlutunarreglur samtakanna, þar sem þeim yrði steipt saman í eitt skjal og þær síðan birtar á heimasíðunni, bæði á íslensku og ensku. Þar verði m.a. kveðið á um það hvaða atriði skuli miða við þegar höfundaréttargreiðslum er úthlutað vegna flutnings tónlistar í útvarpi og utan útvarps, svo og hvaða aðferðir skuli við úthlutun höfundagreiðslna til innlendra jafnt sem erlendra rétthafa.

Haldinn var opinn fundur í Þjóðmenningarhúsi um starfsemi og rekstur STEFs þann 25. maí 2011 og var það í fyrsta sinn er slíkur opinn fundur var haldinn af STEFi. Var fundurinn auglýstur í blöðum og á heimasíðu STEFs auk þess sem fundarboð voru send út með tölvupósti. Var aðsókn samt mjög dræm.

Stjórn STEFs hefur nú orðið við öllum þessum tilmælum CISAC og í framhaldi af vinnu sérstakrar nefndar á vegum STEFs sem skipuð var þeim Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni, Áskatli Mássyni og Óttarri Ó Proppé, var síðasta skrefið tekið á sérstökum fulltrúaráðsfundi þann 13. desember 2011 þar sem að samþykktar voru nýjar úthlutunarreglur fyrir samtökin. Hafa reglurnar verið birtar á bæði ensku og íslensku á heimasíðu STEFs.

8. Not tónlistar á netinu og leiðir til að bregðast við þeirri ólögmetu notkun sem þar á sér stað

Í síðustu ársskýrslu var greint mjög ítarlega frá viðræðum STEFs í samstarfi við SFH við fjarskiptafyrirtækin með það fyrir augum að netnotendum verði veitt heimild til takmarkaðs aðgangs að tónlist á netinu gegn hóflegu endurgjaldi. Mun sú greinargóða lýsing sem þar er að finna ekki verða hér endurtekin, heldur mun hér verða greint frá því hvernig málið þróaðist eftir síðasta aðalfund.

Niðurstaða viðræðnanna er best lýst með tilvísun til sameiginlegrar bókunar sem hópurinn gerði þann 30. maí 2011 og er bókunin orðrétt svohljóðandi:

Bókun

á fundi sameiginlegs vinnuhóps STEFs, SFH og fjarskiptafyrirtækjanna 30. maí 2011

Á undanförunum vikum hefur vinnuhópur, skipaður fulltrúum frá Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEFi), Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) og fjarskiptafyrirtækjunum fjórum, Símanum, Vodafone, Nova og Tali, hist á nokkrum fundum, þar sem ræddar hafa verið ýmsar hugmyndir að leiðum til að sporna við ólögmetum notum tónlistar á netinu og tryggja rétt höfum jafnframt sanngjarnt endurgjald fyrir þau not. Í vinnuhópnum hefur komið fram það sameiginlega viðhorf allra aðila að einungis með auknu aðgengi að tónlist á netinu sé unnt að draga úr þeim ólögmetum notum á tónlist sem þar eiga sér sannanlega stað.

Í samræmi við það tvíþætta markmið, sem að framan greinir, hafa þátttakendur í vinnuhópnum orðið sammála um að leggja til að gripið verði til eftirgreindra aðgerða af hálfu löggjafans og stjórnvalda:

- 1) Póst- og fjarskiptastofnun verði veitt lagaheimild til þess að taka ákvörðun um það, að kröfu hlutaðeigandi rétthafasamtaka, að öllum fjarskiptafyrirtækjum skuli gert að loka fyrir aðgang viðskiptavina sinna að tilteknum vefsíðum (URL) er að meginstefnu bjóða upp á aðgang að ólögmetri tónlist og öðru efni, sem nýtur verndar höfundalaga, eða stuðla á annan hátt að slíkum ólögmetum notum.
- 2) Gerði verði sú breyting á 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 að heimild til gerðar eintaka af tónverkum og öðrum vernduðum verkum til einkanota sé bundin því skilyrði, eins og gert er í 3. mgr. 11. gr. dönsku höfundalaganna, að fyrirmyndin, sem eintökin eru gerð eftir, hafi verið gerð aðgengileg almenningi á lögmetan hátt („from legal source“).
- 3) Virðisaukaskattur af sölu tónlistar á netinu verði framvegis 7% í stað 25,5% til samræmis við þann virðisaukaskatt sem lagður er á sölu hljóm-diska.
- 4) Eftt verði til víðtækrar kynningarherferðar til að upplýsa almenning um kosti lögmetra nota tónlistar á netinu, umfram ólögmet not.

Þátttakendur í vinnuhópnum eru sammála um að stemma þurfi stigu við þeim ólögmetu notum á tónlist, sem eiga sér stað á netinu í stórum stíl, eins og niðurstöður tveggja nýlegra skoðanakannanna, sem kynntar hafa verið á fundum hópsins, bera með sér. Í þeim tilgangi að örva lögmet viðskipti með tónlist á netinu sé nauðsynlegt að þróaðar verði nýjar viðskiptahugmyndir er geri hana enn aðgengilegri en nú er.

Að teknu tilliti til þessa hafa fulltrúar STEFs og SFH í vinnuhópnum komið sér saman um að skora á yfirvöld að grípa til eftirgreindra aðgerða, til viðbótar þeim sem að framan greinir:

- 1) Rétthafasamtökum verði veitt ótvíræð lagaheimild til þess að fylgjast með því hvort netnotendur séu að nota tónlist eða annað verndað efni á netinu á ólögmetan hátt. Sé sú raunin verði hlutaðeigandi notanda gert viðvart, en að því búnu geti samtökin gripið til aðgerða vegna hinna ólögmetu nota á borð við lögbann skv. 59. gr. a höfundalaga.

- 2) Tekið verði upp í höfundalög ákvæði um samningskvöð, sambærilegt þeim ákvæðum sem nú er að finna í 23. gr. og 23. gr. a laganna, er geri réttthafasamtökum, eins og STEFi og SFH, kleift að gera heildarsamninga við fjarskiptafyrirtæki sem veiti viðskiptavinum þeirra heimild til aðgangs að tónlist og öðru vernduðu efni á netinu gegn umsömdu endurgjaldi.

Fulltrúar STEFs og SFH benda á að með síðastgreindum tillögum sé stefnt að því að draga úr ólögmætum notum tónlistar á netinu og tryggja rétthöfum um leið sanngjarnt endurgjald fyrir þau not, þegar til lengri tíma er litið. Sé þar hvorki gert ráð fyrir þeim möguleika að tekið verði algjörlega fyrir aðgang að netinu hjá þeim, sem gerst hafa brotlegir við höfundarétt, né að skattur verði lagður á netnotendur fyrir heimild til aðgangs að tónlist á netinu.

Fulltrúar fjarskiptafyrirtækjanna í vinnuhópnum leggja áherslu á að þær aðgerðir, sem gripið verði til, megi ekki verða til þess að koma í veg fyrir eða draga úr samkeppni á markaði, auk þess sem nýtt umhverfi verði að ríma margvíslegar viðskiptahugmyndir. Ennfremur verði að gæta þess að þær bitni ekki á þeim viðskiptavinum fyrirtækjanna sem nota fjarskiptaþjónustu í lög- mætum tilgangi. Í stærra samhengi sé vandinn sá að margs konar afþreyingar- þjónusta sé flutt nú þegar um kerfi fjarskiptafyrirtækjanna án sérstakrar greiðslu til þeirra. Þetta leiði á endanum til skekktrar samkeppnisstöðu þeirra aðila, sem bjóða slíka þjónustu gegn gjaldi, eins og innlendra fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækja.

Samráðshópur rétthafa kvikmynda og tónlistar (sem samanstandur af fulltrúum STEFs, SFH, SMÁÍS, SÍK og síðar bættist í hópinn fulltrúi Félags bókaútgefenda) ákvað í kjölfarið að vinna að því að koma efni bókonarinnar í frumvarpsform sem að hægt væri í framhaldinu að kynna höfundaréttarnefnd (sem er ráðherra mennta- og menningarmála til ráðgjafar um höfundaréttarmálefni) og flýta þannig eftir fremsta megni gerð lagafrumvarps um efnið. Átti samráðshópurinn fjölda marga fundi um efnið og hitti ýmsa sérfræðinga sér til ráðgjafar. Samráðshópurinn lagði síðan tillögur sína fyrir höfundaréttarnefnd sem skipaði í framhaldinu tvo vinnuhópa, annan sem ætlað var að vinna áfram að málinu hvað varðar lokun aðgengis að tilteknum vefsíðum og að ákvæði um lögmætan uppruna og síðan annan sem ætlað var að endurskoða ákvæði höfundalaga um samningskvaðir. Fór þetta mál þannig úr farvegi samstarfshópsins og til höfundaréttarnefndar þar sem það er nú.

Ofangreindur samráðshópur rétthafa kærði ennfremur til lögreglu á starfsárinu fyrirvarsmenn deildu.net og isload.net og var í framhaldinu haldinn samráðsfundur með lögreglu og ákærvaldi. Ljóst er að mikil vinna er framundan í þeirri baráttu rétthafa að takmarka ólögmæta dreifingu tónlistar á Internetinu og að rétthafar fái sanngjarnar endurgreiðslur fyrir þá notkun á tónlist sem á sér þar stað.

9. Sjóðir STEFs

Að kröfu CISAC, er STEFi ekki lengur heimilt að fjármagna Hljóðritasjóð með tekjum frá IHM af gjöldum vegna auðra banda. Í samræmi við þessa

kröfu var úthlutunarreglum STEFs breytt. Hins vegar taldi stjórn á fundi sínum í nóvember 2011 að framlag Hljóðritasjóðs vera mikilvægt framlag STEFs til nýsköpunar íslenskrar tónlistar og að nauðsynlegt væri að finna nýja leið til fjármögnunar sjóðsins. Var ákveðið að STEF muni leggja sjóðnum til fjármagn af þeirri heimild sem STEF hefur til að styrkja menningarstarfsemi af tekjum af opinberum flutningi, þannig að hægt yrði að úthluta úr sjóðnum á árinu 2012 alls 7 milljónum.

10. Samstarfsvettvangur STEFs og SFH: *Samtónn*.

Stjórn *Samtóns* var á liðnu starfsári skipuð þeim Ásmundi Jónssyni (SFH), Birni Th. Árnasyni (SFH), Eiríki Tómassyni fyrri hluta árs og síðan Guðrúnu Björk Bjarnadóttur (STEF), Gunnari Guðmundssyni (SFH), Jakobi F. Magnússyni (STEF) og Kjartani Ólafssyni (STEF). Tók Kjartan við formennsku á starfsárinu.

Markmiðið með þessu samstarfi er „að vinna að sameiginlegum hagsmunum og styrkja stöðu höfunda, flytjenda, framleiðenda og annarra réttihafa að tónlist“, eins og segir í samþykktum fyrir *Samtón*. Á undanförunum árum hefur með tilkomu þessa sameiginlega vettvangs tekist að koma mörgum baráttumálum tónhöfunda, tónflytjenda og hljómplötuframleiðenda í höfn. Helstu verkefni *Samtóns* á árinu voru:

- Tónlistarþing í Norræna húsinu
- Dagur íslenskrar tónlistar
- Þátttaka í Reykjavík – Loftbrú
- Þátttaka í ÚTÓN
- Íslensku tónlistarverðlaunin

Á Degi íslenskrar tónlistar var tónlistar- og útvarpsmanninum Þorgeiri Ástvaldssyni veitt verðlaun *Samtóns* „Lítill fugl“ fyrir starf sitt í þágu íslenskrar tónlistar.

Því langþráða markmiði *Samtóns* að virðisaukaskattur á sölu tónlistar á rafrænu formi yrði lækkaður niður í 7% til samræmis við sölu á geisladiskum náðist á starfsárinu og ber því að fagna.

11. FJÖLÍS og IHM

Starfsemi þessara tveggja regnhlífarsamtaka, sem STEF á aðild að, hefur verið í tiltölulega föstum skorðum síðustu árin. Er því ástæðulaust að hafa mörg orð um þau að þessu sinni, þó ber að vekja sérstaka athygli á því að tekjur frá bæði IHM og Fjölís hafa verið að dragast saman á undanförunum árum.

Hefur gengið mjög hægt sú vinna sem fór af stað fyrir nokkrum árum um að yfirfara reglur um gjaldtöku af auðum böndum og diskum og gera tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um breytingar á þeim í ljósi breyttrar afritunartækni. Standa vonir til að starf vinnuhópsins skili þeim árangri að

stofn sá, sem umrædd gjöld eru innheimt af, verði rýmkaður þótt ekki sé til annars en að samræma gjaldstofninn þeim breytingum á afritunartækni sem verið hafa að ryðja sér til rúms á síðustu árum.

STEF veitti Fjölís á starfsárinu heimild til að semja við núverandi og verðandi samningshafa Fjölís um stafræna eintakagerð með sömu takmörkunum og áður hafa gilt og sem hluti af endurnýjun núverandi samninga, þar sem líklegt er að núverandi samningar endurspegli ekki að öllu leyti þann veruleika sem þegar blasir við. Þá heimilaði STEF Fjölís einnig að semja um stafræn millisafnalán og stafræna miðlun efnis við háskólabókasöfnin, rannsókn- og stofnanabókasöfn með sömu takmörkunum og núverandi samningar um ljósritun innihalda.

12. NCB

Miklar breytingar hafa orðið á rekstri NCB á síðasta starfsári til að mæta minnkandi tekjum samtakanna af útgáfu hljómrita. Ákvað NCB að leggja niður öll útibú sín á Norðurlöndunum fyrir utan útibúið á Íslandi. Vildi NCB einnig skerða framlög sín til rekstrar útibúsins á Íslandi en eftir að STEF sýndi fram á að STEF væri nú þegar að greiða mikið með rekstri útibúsins var horfið frá þeim fyrirætlunum. Hafa útgjöld NCB til rekstur útibúsins verið þau sömu í 10 ár eða kr. 2.930.000,- og hafa þau því á engan hátt fylgt verðlagsþróun.

Hefur stjórn STEFs talið það vera mikilvægan hluta í þjónustu við rétthafa að þeir gætu leitað til NCB / STEFs varðandi fyrirspurnir um útgáfumál og að með rekstri útibús NCB á Íslandi að Laufásvegi 40 gætu höfundar fengið heildstæða þjónustu vegna höfundaréttarmála á einum stað á tungumáli sem þeir skilja.

Miklar umræður hafa verið allt starfsárið um framtíð NCB bæði sem miðstöð fyrir gerð leyfissamninga um notkun tónlistar á netinu svo og sem þjónustuaðili fyrir bakvinnslu fyrir önnur höfundaréttarsamtök. Hefur NCB þannig tekið að sér bakvinnslu fyrir MCPC í Bretlandi og gengur sú vinna vel, þrátt fyrir nokkurn þróunarkostnað. Í kjölfar aukinnar samvinnu STIM í Svíþjóð og PRS í Bretlandi varðandi uppbyggingu gagnagrunnsins ICE til bakvinnslu hefur einnig átt sér stað viðræður um aðkomu PRS að NCB svo og hugsanlega einnig GEMA í Þýskalandi.

NCB hóf á starfsárinu viðræður við SMÁÍS um heildarsamning um höfundaréttargjöld vegna innflutnings og dreifingar DVD diska á Íslandi (þ.e.a.s. þess efnis sem ekki er framleitt hér á landi).

13. Erlend samskipti.

Annað hvert ár er haldið svokallað World Copyright Summit málþing í tengslum við aðalfund CISAC, alþjóðasambands höfundaréttarsamtaka, sem STEF hefur lengi átt aðild að, eitt íslenskra höfundaréttarsamtaka. Var slíkt höfundaréttarþing haldið á starfsárinu og fór það að þessu sinni fram í

júnímánuði í Brussel. Formaður, varaformaður, fulltrúi utanfélagsmanna auk framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra sóttu málþingið fyrir hönd STEFs. Var þar m.a. rætt um þá varnarbaráttu sem höfundaréttur stendur í um allan heim vegna stafrænnar dreifingar höfundaréttarvarins efnis á Internetinu.

Formaður og varaformaður sóttu einnig á árinu fundi samtaka evrópskra tónhöfunda (ECSA).

Samstarf norrænu höfundaréttarsamtakanna á sviði tónlistar hefur þó ávallt verið það sem skipt hefur mestu máli í samskiptum STEFs við erlend systursamtök sín og hefur STEF lært mikið af norrænum systursamtökum sínum. Því hafa það verið nokkur vonbrigði að fundir framkvæmdastjóra norrænu systursamtaka hafi lagt af reglulega fundi sína sem reyndar fóru oftast saman við fundi stjórnar NCB sem að framkvæmdastjóri STEFs situr. Á starfsárinu var þó haldinn svokallaður Nordisk Union fundur, en hann hefur verið haldinn á tveggja ára fresti. Fór fundur þessi fram í Stokkhólmi í júnímánuði 2011 og sótti framkvæmdastjóri STEFs fundinn.

Þá sótti framkvæmdastjóri STEFs einnig árlegan fund norrænna markaðs- og innheimtustjóra á árinu. Hafa fundir þessir verið einstaklega gagnlegir þar sem norrænu samtökin hafa getað rætt verðlagningu tónlistar og innheimtuaðferðir auk þess að skiptast á þekkingu um nýleg dómafordæmi á sviði höfundaréttargjalda.

14. Fjárhagur

Innlendar flutningsréttartekjur STEFs (þ.e.a.s. þær tekjur STEFs sem að skrifstofa STEFs innheimtir sjálf) árið 2011 námu kr. 362.495.310, en námu á árinu 2010 kr. 336.608.312,- sem þýðir aukning um tæp 8% sem verður að teljast mjög viðunandi árangur í erfiðu árferði sem markast af gjaldþrotum innan verslunar og veitingahúsa og miklu kennitölufлакki innlendra viðskiptavina STEFs.

Heildartekjur STEFs árið 2011 að undanskildum fjármagnstekjum, námu kr. 538.773.328, en á árinu 2010 voru heildartekjur samtakanna kr. 531.514.288, en á árinu 2009 voru heildartekjur samtakanna kr. 517.624.533. Jukust heildartekjur STEFs því um 1,3% milli ára.

Vert er að vekja athygli á miklum sveiflum milli ára í erlendum flutningsréttartekjum sem jukust mjög mikið á árinu eða um 21 milljón kr. Sömuleiðis var mikil sveifla í upptökuréttartekjum sem lækkuðu verulega á milli ára eða um 37 milljón kr. Upptökuréttartekjur STEFs eru að stærstum hluta úthlutun frá NCB og eru tekjurnar nú svipaðar og þær voru árið 2009.

Þá hafa sértekjur Tónmenntasjóða einnig dregist nokkuð saman vegna lækkunar á úthlutun frá Fjölís og lækkunar á úthlutun til STEFs frá erlendum systursamtökum vegna gjalda á auðum böndum o.fl.

Sérstaka athygli vekur einnig í ársreikningi auknar tekjur frá almennum tónleikum sem ber vott um þau áhrif sem Harpa hefur haft á tónleikalíf landsmanna svo og aukna grósku almennt í tónleikalífi landsmanna. Þá hafa þeir samningar sem skrifstofa STEFs hefur gert við minni tónleikastaði einnig haft jákvæð áhrif á þennan tekjustofn.

Á árinu 2011 endurgreiddi STEF lán að fullu sem samtökin fengu eftir hrúnið 2008 frá systursamtökum sínum í Svíþjóð STIM, og er það meginskýringin á mikilli lækkun skulda samtakanna milli ára. Nam endurgreiðsla lánsins kr. 54.160.062.

Í samræmi við samþykkt aðalfundar fulltrúaráðs STEFs og gagnkvæma samninga samtakanna við systursamtök sín erlendis runnu á árinu 2011 samtals kr. 14.000.000 í svonefndan Tónmenntasjóð sem veitir fé til sérstakra verkefna, svo sem Íslensku tónlistarverðlaunanna, Samtóns, ÚTÓN og Reykjavík – Loftbrú. Tekjum Tónmenntasjóðs er þó að venju að stærstum hluta varið til að styrkja starfsemi aðildarféлага STEFs sem bæði halda uppi margvíslegri menningarstarfsemi og hagsmunagæslu í þágu íslenskra tónhöfunda.

Að því er fjárhag STEFs varðar er að öðru leyti vísað til ársreiknings samtakanna.

Reykjavík, 11. maí 2012



Guðrún Björk Bjarnadóttir